

Nefndasvið Alþingis
b.t. Hildar Edvald
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 5. desember 2019
Tilvísun: OS20191103
Verknúmer: 1090000

Efni: Umsögn um frumvarps til stjórnskipunarlaganna, 279, mál.

Orkustofnun vísar til erindis nefndarsviðs Alþingis þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til stjórnskipunarlaganna, mál 279. Orkustofnun hefur í því sambandi fáeinar ábendingar er varðar ákvæði frumvarpsins sem lúta að starfssviði stofnunarinnar.

Í 35 gr. frumvarpsins er lagt til að auðlindir í náttúru Íslands sem ekki séu háðar einkaeignarrétti verði sameiginleg og ævarandi eign þjóðarinnar. Orkustofnun tekur undir mikilvægi þess að festa þurfi í sessi þau ákvæði nügildandi laga sem kveða á um bann við varanlegu framsali á auðlindum í eigu hins opinbera en bendir þó á tvennt í því sambandi. Annars vegar er varðar edli þess eignarréttar sem lagður er til en Orkustofnun bendir á að verði frumvarpið að lögum geti skapast ólíkar túlkningar á því hvernig fara skuli með auðlindirnar, sem nú verða skilgreindar sem þjóðareign. Hins vegar vill Orkustofnun benda á að með nügildandi lögum er kveðið á um að vissar auðlindir í eigu ríkis og sveitarfélaga skulu vera áfram í þeirra eigu og að þeim er óheimilt að selja eða veita varanlegan nýtingarrétt á þeim. Löggjafar- og framkvæmdavaldið fer þannig nú þegar með forsjá og ráðstöfunarrétt á þessum auðlindum. Því geti hið nýja orðalag valdið því að áhöld verði um það, sem ekki hefur verið til þessa, hvernig fara skuli með auðlindirnar, hver hafi umboð til þess að ráðstafa þeim tímabundið og hvernig skuli fara með þann arð sem kemur til vegna hagnýtingar þeirra. Hvað varðar hið nýja ákvæði telur stofnunin því ekk um verulega breytingu að ræða á starfsháttum stofnunarinnar hvað varðar þá verkferla sem snúa að nýtingu auðlinda á Íslandi.

Þá vill Orkustofnun benda á að þegar og ef til þess komi að takmarka eigi eign auðlinda í jörðu með lögum m.t.t. fjarlægðar frá yfirborði jarðar, sé stofnunin tilbúin að koma að þeirri vinnu.

Að lokum vill Orkustofnun benda á að ekki sé nægilegt að tilgreina að stjórnvöld geti á grundvelli laga veitt leyfi til afnota eða hagnýtingar auðlinda, sem og annarra takmarkaðra almannagæða, gegn eðlilegu gjaldi og til tiltekins hóflegs tíma í senn, heldur vill stofnunin einnig undirstrika mikilvægi þess að gjaldskrá sé gerð sem skilgreini hið „eðlilega gjald“.

Virðingarfyllst,

Guðni A. Jóhannesson
Orkumálastjóri